

**KRISTNAR KIRKJUR Á ÍSLANDI  
TAKA AFSTÖÐU  
GEGN OFBELDI  
Í HVADÁ MYND SEM ER**



Starfshópur á vegum Þjóðkirkjunnar og annarra kristinna trúfélaga vill leggja sitt að mörkum til að vinna gegn ofbeldi í hvaða mynd sem er svo sem kynferðisofbeldi.

### **Hvar á kynferðislegt ofbeldi sér stað?**

Kynferðislegt ofbeldi getur átt sér stað hvar sem er, meira að segja á stöðum sem við teljum okkur vera örugg á, s.s. í fjölskyldum, hjá faglærðum stuðningsaðilum og innan trúarstofnana.

### **Hvað er kynferðislegt ofbeldi?**

Hvers kyns kynferðisathöfn milli fullorðins einstaklings og ólögráða einstaklings eða milli tveggja einstaklinga þar sem annar aðilinn hefur vald yfir hinum. Að neyða, þvinga, hvetja eða sannfæra barn um að taka þátt í hvers kyns kynferðislegri athöfn. Að sjálfsgöðu á þetta við um alla kynferðislega snertingu. Þetta á hinsvegar einnig við um athæfi sem ekki felur í sér snertingu, s.s. sýniþörf (strípihneigð), klám í hvaða mynd sem það kann að birtast, gægjuþörf og samskipti á kynferðislegum nótum; hvort heldur sem þau samskipti eiga sér stað á einhverjum ákveðnum stað, í gegnum síma eða veraldarvefinn. Reynsla sem veldur fórnarlömbunum ómældri sálarangist og kvöl. Glæpur sem er refsiverður samkvæmt lögum.

### **Algengar tilfinningar þeirra sem lenda í kynferðislegu ofbeldi:**

Margir upplifa skömm og sekt. Aðrir upplifa blekkingu, svik, þöggun og vanmátt. Enn aðrir upplifa valdniðslu, niðurbrot, illsku, óréttlæti og afneitun.

### **Hvað gerum við?**

Kirkjunnar bjóða upp á sálgæslu, fyrirbæni og samfélag.  
Margar kirkjur bjóða upp á námskeiðið 12 sporin - andlegt ferðalag.  
Fjölskylduþjónusta kirkjunnar býður upp á faglega aðstoð.  
Einnig má leita til: Fagráðs um meðferð kynferðisbrota innan íslensku þjóðkirkjunnar, Stígamóta, Barnahúss, samtakanna Blátt áfram og samtakanna Dreka-slóð.



Betanía  
CTF- Kærleikurinn  
Frikirkjan í Hafnarfirði  
Frikirkjan í Reykjavík  
Hjálpræðisherinn

Hvítasunnusöfnuðirnir á Íslandi  
Íslenska Kristskirkjan  
Katólska kirkjan  
Kefas  
Kirkja sjöunda dags aðventista

Krossinn  
Óháði söfnuðurinn  
Rússneska rétttrúnaðarkirkjan  
Vegurinn  
Þjóðkirkjan